



## Meðalneysla erlendra ferðamanna óbreytt milli ára


Kortavelta erlendra ferðamanna nam 232 ma.kr. á síðasta ári og jókst um 50% milli ára á verðlagi hvors árs. Hluta af þeirri aukningu má rekja til aukinna umsvifa WOW-flugfélagsins en alls jókst kortavelta í farþegaflutningum með flugi um 136%. Ef reynt er að leggja mat á þróun í neyslu erlendra ferðamanna yfir tíma er því rétt að horfa framhjá þeim lið.<sup>1</sup> Þá sést að kortavelta jókst um rúm 40% milli ára. Það er í mjög góðu samræmi við fjölgun ferðamanna, en þeim fjölgaði einnig um rúm 40%.

### Erlendir ferðamenn eyða að meðaltali um 110 þúsund krónum á mann fyrir utan flug

Neysla á hvern ferðamann jókst einungis um 0,1%. Á síðustu árum hafa verið fremur litlar breytingar í neyslu á hvern ferðamann í krónum talið. Þannig varð 2,9% aukning árið 2015 sem kom í kjölfar 4,7% samdráttar árið 2014. Heilt yfir hefur meðalkortavelta erlendra ferðamanna dregist saman um alls 1,2% milli árána 2012 og 2016. Gengi krónunnar styrktist umtalsvert á síðasta ári gagnvart flestum gjaldmiðlum og ferðamenn eru því að auka nokkuð neyslu sína hér á landi mælt í þeirra eigin gjaldmiðlum.


### Stærsti útgjaldaliðurinn er gisting

Stærstu útgjaldaliður ferðamanna er gistiþjónusta en um 18% af kortaveltunni liggur þar. Síðan koma farþegaflutningar með 17% en um 95% þeirra útgjalda liggja í farþegaflutningum með flugi. Rúmur þriðjungur kortaveltunnar liggur því í gistingu og ferðalögum til og frá landinu. Um 13% kortaveltunnar er verslun en af þeirri veltu liggur mest í dagvöru, því næst fataverslun og svo annars vegar gjafa- og minjagripaverslun og hins vegar tollfrjálsri verslun. Tæp 11% útgjalda ferðamanna fara í veitingaþjónustu og 7,7% í bílaleigur. Úttektir á reiðufé eru síðan 6,7% en erfitt er að ráða hvernig þau útgjöld dreifast á útgjaldaflokka.



M.v. heildarkortaveltu án farþegaflutninga með flugi  
Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar

### Kortavelta eftir útgjaldaliðum



\*Ásamt viðgerðum og viðhaldi bifreiða. \*\*Menningar-, Ma.kr.  
afþreyingar- og tómsundastarfsemi  
Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar

<sup>1</sup> Talsverður tími getur liðið frá því að greitt er fyrir flugferð með greiðslukorti þar til ferðalagið á sér stað og því getur þessi liður skekkt samanburð milli ára þegar greina á neyslu ferðamanna á ákveðnu tímabili.




## Neysla ferðamanna tekur stöðugum breytingum

Neyslumynstur ferðamanna tekur stöðugum breytingum yfir tíma og má m.a. rekja það til þess að samsetning ferðamanna eftir þjóðernum tekur stöðugum breytingum. Á síðasta ári voru ferðamenn því ýmist að auka neyslu sína eða draga úr henni með ýmsum útgjaldaliðum. Mesta aukningin á síðasta ári var í farþegaflutningum með flugi, eða 136%, en sú aukning skýrist að miklu leyti af aukningu sætaframboðs hjá WOW. Vegna trúnaðar gagnvart einstökum fyrirtækjum er ekki hægt að sjá aukninguna án WOW og því ekki hægt að sjá að hve miklu leyti ferðamenn voru að auka neyslu sína í farþegaflugi. Önnur gistiþjónusta, en undir hana fellur gistiþjónusta önnur en hótलगisting, jókst um 75% milli ára en mikill vöxtur hefur verið í annars konar gistingu en hótलगistingu á síðustu árum. Tollfrjáls verslun jókst um 63% og tónleikar og hvers kyns aðrir viðburðir jukust um 61%. Liðir eins og hótलगisting, gjafa- og minjagripaverslun, veitingaþjónusta og bensín voru allir að aukast nokkurn vegin í takt við fjölgun erlendra ferðamanna, eða á bilinu 39 til 44%. Þeir liðir sem jukust minnst var úttekt á reiðufé en hlutdeild þess hefur stöðugt leitað niður á við á síðustu árum. Það bendir til þess að víðar sé hægt að greiða fyrir ferðaþjónustu með greiðslukortum en áður, auk þess sem það gefur einnig vísbendingu um að stærri hluti af tekjum ferðaþjónustunnar sé gefinn upp til skatts en áður.

Fataverslun jókst einungis um 12,9% milli ára og var því hver ferðamaður að eyða umtalsvert minna í fatnað hér á landi á síðasta ári en árið áður. Útgjöld hvers ferðamanns til farþegaflutninga á sjó og landi drógust saman en heildarvelta í farþegaflutningum á sjó jókst um 31% og um 36% í farþegaflutningum á landi. Til samanburðar jókst erlend kortavelta hjá bílaleigum um 49% sem bendir til þess að erlendir ferðamenn kunni betur við að ráða sér sjálfir fremur en að ferðast með öðrum.

## Aukning kortaveltu - ýmsir liðir



Aukning kortaveltu í krónum milli 2015 og 2016.

\*Tónleikar, leikhús, kvikmyndasýningar og viðburðir.

\*\*Menningar-, afþreyingar og tómstundastarfsemi.

\*\*\*Bensín, viðgerðir og viðhald bifreiða

Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.